

18. apríl 1980.

377

Nr. 234.

REGLUR

um lækkun aðflutningsgjalda af bifreiðum til
atvinnubifreiðastjóra og öku kennara.

I. KAFLI

Lækkun tolls, innflutningsgjalds og sölugjalds.

1. gr.

Heimilt skal við tollafgreiðslu að lækka toll úr 90% í 40% af bifreiðum til bifreiðastjóra sem hafa að aðalstarfi:

- a. akstur allt að átta farþega leigubifreiða,
- b. akstur sendibifreiða eða
- c. kennslu í bifreiðarakstri.

Heimilt skal ennfremur við tollafgreiðslu að lækka toll úr 90% í 65% af bifreiðum til bifreiðastjóra sem hafa að aukastarfi akstur eða kennslu er um ræðir í a—c lið 1. mgr.

2. gr.

Nú er tollur lækkaður af bifreiðum skv. 1. gr. og skal þá sölugjald eigi greitt af þeim hluta tolls sem eigi er innheimtur við tollafgreiðslu. Um lækkun innflutningsgjalds af bifreiðum þeim sem reglur þessar taka til gilda ákvæði reglugerðar þar að lútandi.

II. KAFLI

Skilyrði lækkunar gjalda.

3. gr.

Bifreiðastjórar og öku kennarar sem ákvæði 1. gr. taka til geta einungis fengið eftirgjöf gjalda samkvæmt reglum þessum, enda aki viðkomandi sjálfur bifreiðinni eða stundi á henni kennslu í bifreiðaakstri, sbr. 3. mgr. 8. gr.

Hafi eigandi leigubifreiðar atvinnuleyfi á stað þar sem fjöldi leigubifreiða er takmarkaður má þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. víkja frá því skilyrði til eftirgjafar að viðkomandi aki bifreiðinni sjálfur. Um tekjur ökumanns í því tilviki gilda ákvæði 2. mgr. 6. gr.

4. gr.

Bifreiðarstjóri sem eigi hefur hafið akstur þegar sótt er um eftirgjöf gjalda af bifreið getur þrátt fyrir það fengið eftirgjöf þegar við tollafgreiðslu, enda sé um fyrirhugað aðalstarf að ræða og viðkomandi hafi atvinnuleyfi á stað þar sem fjöldi leigubifreiða til fólksflutninga er takmarkaður eða akstursleyfi á viðurkenndri sendibifreiðastöð, sbr. 12. gr., og uppfyllt verði skilyrði 1. mgr. 5. gr.

Bifreiðarstjóri sem eigi hefur hafið akstur þegar sótt er um eftirgjöf gjalda af bifreið til leiguaksturs á öðrum stöðum en um ræðir í 1. mgr. getur þrátt fyrir það fengið eftirgjöf þegar við tollafgreiðslu, enda sé um fyrirhugað aðalstarf að ræða, skilyrði 1. mgr. séu að öðru leyti uppfyllt og jafnframt liggja fyrir meðmæli frá viðkomandi bæjarstjórn eða sýslunefnd.

Ákvæði 1. mgr. gilda einnig um aðila sem hyggjast breyta aukastarfi í aðalstarf.

Aðilar sem fengið hafa eftirgjöf samkvæmt þessari grein skulu fyrir lok marsmánaðar næsta skattárs framvísa við tollstjóra, sbr. 11. gr., afriti skattskýrslu þess árs, staðfesta af viðkomandi skattstjóra. Metur tollstjóri hvort skilyrðum þessara reglna um tilskildar lágmarkstekjur af leiguakstri hafi verið fullnægt. Komi í ljós við það mat að viðkomandi hafi eigi uppfyllt skilyrði um lágmarkstekjur miðað við fulla eftirgjöf og ákvæði um lengingu fyrningarfrests skv. 2. mgr. 9. gr. á ekki við að mati tollstjóra, skulu eftirgefin gjöld innheimt að fullu ásamt hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum eins og þeir eru ákveðnir á hverjum tíma. Dráttarvextir skulu reiknaðir á öfyrnd gjöld talið frá þeim degi, er eftirgjöf var veitt.

Eftirgjöf gjalda samkvæmt reglum þessum má veita í öðrum tilvikum en um ræðir í þessari grein þegar lagt hefur verið fram staðfest skattframtal ásamt tilheyrandi gögnum, sbr. 11. gr., er sýni að tilskilinn hluti atvinnutekna viðkomandi næstliðið skattár sé fyrir akstur er veiti rétt til eftirgjafar.

5. gr.

Akstur eða kennsla samkvæmt reglum þessum telst því aðeins aðalstarf að nettóskattgjaldstekjur af akstri eða kennslu nemi ár hvert þeirri lágmarksfjárhæð sem fjármálaráðuneytið ákveður hverju sinni fyrir næstliðið skattár að höfðu samráði við Hagstofu Íslands.

Akstur eða kennsla telst því aðeins aukastarf að nettóskattgjaldstekjur af akstri eða kennslu nemi a. m. k. helmingi lágmarksfjárhæðar skv. 1. mgr.

6. gr.

Við ákvörðun lágmarks nettóskattgjaldstekna skv. 5. gr. skal heimilt að leggja sjúkragdagpeninga, örorkulífeyri og ellilífeyri við nettótekjur af akstri eða kennslu.

Eiganda bifreiðar sem ekur henni eigi sjálfur vegna veikinda, örorku eða elli skal heimilt að telja nettótekjur ökumanns af akstri viðkomandi bifreiðar til eigin tekna við útreikning lágmarksfjárhæðar skv. 5. gr.

Laun kjörinna starfsmanna samtaka bifreiðastjóra og ökukennara fyrir trúnaðarstörf í þágu viðkomandi samtaka má telja til aksturslauna skv. 5. gr.

7. gr.

Tollmeðferð bifreiða samkvæmt ákvæðum reglna þessara skal heimil gegn útgáfu skuldarviðurkenningar og veði með fyrsta veðrétti í viðkomandi bifreið fyrir eftirgefnum gjöldum, sbr. 1. og 2. gr., sem fynast skulu á þremur árum talið frá tollafgreiðsludegi, svo og kvöð um að óheimilt sé að selja eða afsala bifreiðinni með öðrum hætti.

Að fyrningartíma liðnum getur eigandi veðsettrar bifreiðar fengið veði og kvöð aflýst, enda framvísi hann við tollstjóra afritum skattframtala, staðfestum af viðkomandi skattstjóra ásamt tilheyrandi rekstraryfirlitum, er sýni að skilyrðum um tilskildar lágmarkstekjur hafi verið fullnægt ár hvert.

Tollmeðferð leigubifreiðar og sendibifreiðar samkvæmt ákvæðum reglna þessara er jafnframt bundin því skilyrði að þegar eftir tollafgreiðslu verði settur gjaldmælir í bifreiðina, sbr. reglugerð nr. 446/1978 um notkun gjaldmæla í leigubifreiðum með áorðnum breytingum svo og auglýsingu þar að lútandi.

8. gr.

Nú er veðsett bifreið seld, afsalað með öðrum hætti eða hún eyðileggst fyrir lok fyrningarfrests og skal eiganda hennar þá heimilt að greiða þann hluta eftirgjafar sem ófyrndur er í réttu hlutfalli við fyrningartíma, sbr. 7. gr.

Heimilt skal eiganda þó að selja veðsetta bifreið fyrir lok fyrningarfrests án greiðslu eftirgefina gjalda ef kaupandi hefur rétt til eftirgjafar samkvæmt ákvæðum reglna þessara, enda ábyrgist kaupandi áhvilandi veðskuld óbreytta með óbreyttum fyrningarfresti. Skal veðskuld ásamt kvöð falla niður að fyrningartíma liðnum talið frá þeim degi er eftirgjöf var veitt.

Bifreiðastjóri sem óskar eftir eftirgjöf áður en fyrningu er lokið skv. 7. gr. vegna eldri eftirgjafar, getur einungis hlotið eftirgjöf að nýju að því tilskildu að lágmarkstekjum skv. 5. gr. fyrir næstliðið skattár hafi verið náð, enda sé sá hluti eftirgjafar sem ófyrndur er þegar greiddur tollstjóra að fullu.

9. gr.

Nú hættir eigandi veðsettrar bifreiðar akstri eða kennslu í atvinnuskyni eða eigi eru uppfyllt að öðru leyti skilyrði til eftirgjafar gjalda samkvæmt reglum þessum og skal hann þá þegar tilkynna það tollstjóra og jafnframt greiða innan eins mánaðar þann hluta eftirgjafar sem ófyrndur er. Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi að mati tollstjóra skal heimilt að veita viðkomandi greiðslufrest í allt að þrjú mánuði gegn greiðslu hæstu lögleyfðu vaxta og útgáfu vixils og tryggingarbréfs eða skilyrðislausri ábyrgð banka. Sinni eigandi veðsettrar bifreiðar eigi tilkynningarskyldu samkvæmt þessari málsgrein skulu eftirgefni gjöld innheimt að fullu ásamt hæstu lögleyfðum dráttarvöxtum eins og þeir eru ákveðnir á hverjum tíma talið frá þeim degi er eftirgjöf var veitt.

Nú hefur bifreiðarstjóri eigi náð tilskildum lágmarkstekjum skv. 5. og 6. gr. og skal þá heimilt að framlengja fyrningu skv. 7. gr. í allt að eitt ár, hlutfallslega miðað við þann hluta eftirgjafar sem ófyrndur er, enda séu færðar fullnægjandi sönnur á það að mati tollstjóra að sjúkdómur eða önnur óviðráðanleg atvik hafi hamlað því að tilskildum lágmarkstekjum yrði náð, viðkomandi hafi eigi haft tekjur af annarri atvinnu eða starfsemi og leiguakstur eða kennsla verið aðalstarf hans næstliðið ár. Tollstjóri getur óskað umsagnar viðkomandi stéttarfélags ef ástæða þykir til. Um framlengingu fyrningarfrests skulu ákvæði 5.—7. gr. gilda eftir því sem við getur átt.

10. gr.

Stéttarfélag bifreiðastjóra eða ökukennara skal tilkynna tollstjóra ef bifreiðarstjóri eða ökukennari hættir starfi í atvinnuskyni eða dregur svo úr akstri að skilyrði til eftirgjafar gjalda eru eigi lengur uppfyllt.

III. KAFLI

Umsókn um eftirgjöf gjalda o. fl.

11. gr.

Umsókn um eftirgjöf gjalda samkvæmt reglum þessum skal send embætti tollstjórans í Reykjavík á þar til gerðu eyðublaði.

Umsókn skal fylgja eftirfarandi:

- a. Afrit eða ljósrit af skattframtali umsækjanda, staðfest af viðkomandi skattstjóra, ásamt viðkomandi rekstraryfirliti, fyrir síðast liðin þrjú skattár, sbr. þó ákvæði 4. gr.
- b. Yfirlýsing stjórnar stéttarfélags leigubifreiðastjóra, sendibifreiðastjóra eða Ökukennarafélags Íslands um atvinnuréttindi umsækjanda.

Heimilt er tollstjóra að krefjast frekari gagna en að framan greinir ef þurfa þykir.

Tollstjóri metur að uppfylltum öðrum skilyrðum reglna þessara, hvort óskað er eftirgjafar gjalda af bifreið sem telja verði óeðlilega dýra miðað við þá vönu sem gilt hefur um eftirgjöf gjalda og kaup bifreiða til leiguaksturs eða kennslu. Nú telur tollstjóri að skilyrðum sé eigi fullnægt að þessu leyti og skal hann þá, áður en eftirgjöf er synjað, óska umsagnar stjórnar Bandalags íslenskra leigubifreiðastjóra eða Ökukennarafélags Íslands.

12. gr.

Óski stjórn sendibifreiðastöðvar eftir að bifreiðastjórar þar njóti réttinda skv. 1. mgr. 4. gr. skal hún sækja um viðurkenningu tollstjóra.

Umsókn skal send tollstjóra ásamt tölusettri skrá yfir fjölda leyfa á viðkomandi stöð. Í skránni skal tilgreina nafn og nafnnúmer viðkomandi leyfishafa svo og heimilisfang. Skráin skal staðfest af formanni stjórnar félags sendibifreiðastjóra.

13. gr.

Reglur þessar taka ekki til bifreiða sem hafa sérleyfi eða réttindi til hópferðaksturs samkvæmt ákvæðum laga nr. 83/1966 um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum.

Fjármálaráðuneytið sker úr ágreiningi er risa kann við framkvæmd reglna þessara.

14. gr.

Reglur þessar sem settar eru samkvæmt heimild í 41. tl. 3. gr. laga nr. 120 31. desember 1976, um tollskrá o. fl., með áorðnum breytingum, öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 18. apríl 1980.

F. h. r.

Höskuldur Jónsson.

Sigurgeir A. Jónsson.

AUGLÝSING

um notkun gjaldmæla í leigubifreiðum.

1. gr.

Skylt er að hafa gjaldmæli, sem sýni rétt ökugjald, í öllum leigubifreiðum allt að 8 farþega, svo og sendibifreiðum, er aka gegn borgun, á þeim stöðum þar sem í gildi eru reglugerðir um takmörkun þeirra og útgáfu atvinnuleyfa eða ákvæði um akstur frá viðurkenndri afgreiðslustöð.

Ofanritað á einnig við um slíkar bifreiðar á öðrum stöðum en greinir í 1. mgr., enda njóti eigendur þeirra ívilnana í tolli, samkvæmt reglum settum með stoð í 41. tl. 3. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl., studdri sérstöku meðmælum viðkomandi bæjarstjórnar eða sýslunefndar.

Ráðuneytið hefur ákveðið að nota skuli gjaldmæla af rafeindagerð framleidda af Haldex AB í Svíþjóð og öryrkjabandalagi Íslands. Eldri gerðir gjaldmæla frá Haldex AB í Svíþjóð má þó nota meðan endast.